



510. Stjórnarfundur haldinn 10. október 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),
Birgir Ingibergsson (BI), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).
Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK) og Sveinn Adolfsson (SA).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Gunnari Pálssyni vegna heimapjálfunar fyrir aldraða. *Móttekið og áframsent á Ásu Eyjólfsdóttur forstöðumann öldrunarþjónustu á Nesvöllum.*

Tölvupóstur frá Aðalheiði Ósk Gunnarsdóttur skjalaverði Reykjanesbæjar vegna bókunar bæjarráðs Reykjanesbæjar um nýjan gervigrasvöll vestan Reykjaneshallar. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá UMFÍ seinna fundarboð á 42. sambandsráðsfund UMFÍ haldinn á Ísafirði. *Móttekið.*
Bréf frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar þar sem hann óskar eftir svörum við ýmsum spurningum varðandi nýjan gervigrasvöll. *Móttekið og framkvæmdastjóri svarar spurningum.*

3. Send bréf

Engin.

4. Jólblað Keflavíkur

EH sagði frá því að búið væri að senda tölvupóst á deildir vegna skila á greinum í jólblaðið, einnig að deildir skipi einn aðila sem heldur utan um efni deildarinnar. Ákveðið var hver yrði í opnuviðtali. *Framkvæmdastjóra falið að ræða við viðkomandi og athuga hvort Sævar Sævarsson sé tilbúin að taka opnuviðtalið.*

5. 90 ára afmæli félagsins 2019

Keflavík verður 90 ára 29. september 2019. Nokkrar umræður um hvort eigi að gera eitthvað á þessum tímamótum. Ákveðið að skoða málið enn frekar.

6. Önnur mál

EH mætti í móttöku hjá breska sendiherranum á Íslandi, en verið var að kynna blað um íslenska knattspyrnu sem er á ensku. Við þetta tækifæri færði EH breska sendiherranum borðfána félagsins.

EH fer á fund með formönnum UMFN og ÍRB og íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar á morgun varðandi framtíðarsýn á íþróttamannvirkjum og svæðum í Reykjanesbæ.

EH sagði frá því að búið væri að kaupa stuðningsmannakort í körfu. Nokkrar umræður um upphæðina fyrir kortin. *Ákveðið var að taka þá umræðu upp á næsta stjórnarfund þegar gjaldkerinn er viðstaddur.*
Tilboð í þvottavél og þurrkara er komið og átti EH fund með Hafsteini Ingibergssyni forstöðumanni íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar og síðar fund með Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar vegna hugsanlegra kaupa á þvottavél og þurrkara í þvottaherbergi í íþróttahúsinu við Sunnubraut.

EH sagði að hann hefði kvittað fyrir stefnu vegna knattspyrnudeildar. Knattspyrnudeild er búin að leysa málið. Nokkrar umræður urðu um málið.

EH er enn að skoða með jólahlaðborð og sendir á stjórnarmenn þegar eitthvað er í hendi.

Næsti fundur 25. október kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:10 Fundinn ritaði BS.

